

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA
A-DEILD

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN MIÐAÐ
VIÐ LOK MAÍ 2017

STÆRD JAFNVÆGISSJÓÐS, LÍFEYRISAUKASJÓÐS OG VARÚÐARSJÓÐS

2017-12-20

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra
Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

2017-12-20

Eftirfarandi er tryggingafræðileg athugun varðandi stöðu A-deildar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga miðað við lok maí 2017. Athuginin er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins vegna mats á stærð jafnvægisjóðs, lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs sem reikna skal út samkvæmt ákvæði 2.mgr. XVIII. bráðabirgðaákvæðis við l. 129/1997, sbr. einnig IX. til XII. bráðabirgðaákvæðis l. 1/1997.

Útreikningar eru gerðir í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002, eftir því sem við á. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu deildarinnar í lok árs 2016.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávík komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA A- DEILD

Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Sjóðurinn fékk starfsleyfi í desember 1998. Upprunalegt nafn sjóðsins var Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, en nafni hans var breytt í Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga á árinu 2016.

Stofnsamningurinn fól sömuleiðis í sér kjarasamning milli hlutaðeigandi aðila þar sem samið var um skylduaðild starfsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélögum. Fulltrúar stofnaðila eiga sæti í stjórn sjóðsins og allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á aðalfundum lífeyrissjóðsins með málfrelsi og tillögurétt. Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins varða skuldbindingar hans gagnvart öllum sjóðfélögum. Þar af leiðandi verða breytingar á

samþykktum að hljóta samþykki stofnaðila sjóðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB og BHM. Á milli eftirtalinna aðila er í gildi kjarasamningur um skylduaðild hlutaðeigandi starfsmanna að Brú lífeyrissjóð:

Aðildarfélag BHM

Aðildarfélag BSRB

Samband íslenskra sveitarfélaga og Launanevnd sveitarfélaga

Kennarasamband Íslands

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykpta sjóðsins sem fengu staðfestingu fjármálaráðuneytis í júní 2016.

Sjóðfélagar í A-deild geta þeir starfsmenn sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja svo og samlaga sveitarfélaga 16-70 ára orðið sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélaga BSRB eða Bandalags háskólamanna annars vegar og sveitarfélaga, stofnana þeirra, fyrirtækja eða samlaga sveitarfélaga hins vegar. Einnig eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélaga rétt til aðildar að A-deild. Þá er sjóðsstjórn heimilt að veita aðild að A-deild starfsmanni sem ekki á rétt til aðildar samkvæmt framangreindu.

Iðgjöld til deildarinnar eru breytilegt hlutfall launa og skal miðað við að iðgjöld ásamt eignum sjóðsins nægi fyrir þeim skuldbindingum sem leiða af ákvæðum samþykpta. Iðgjöld eru frá 1.1.2009 16,0% af heildarlaunum og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 12%. Fram til þessa hafði iðgjald vinnuveitanda verið 11,5%.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir í A-deild eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát sem greiðist að lágmarki í fimm ár eða meðan yngsta barn sem maki hefur á framfæri og sjóðfélagi framfærði áður er yngra en 22 ára. Ef maki er fæddur fyrir 1945 er makalífeyrir ævilangur, þó með skerðingu ef maki er fæddur eftir 1925. Barnalífeyrir greiðist vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem greitt hefur verið af til sjóðsins og ávinnst fyrir hvert iðgjaldaár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 1,9% af launum sem greitt er af, verðtryggt með vísitölu neysliverðs. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti.

BREYTING SAMÞYKKTA 1.6.2017

Bráðabirgða ákvæði XVIII, 2.mgr. í lögum um starfsemi lífeyrissjóða er svo hljóðandi : „Stjórn Brúar lífeyrissjóðs skal fyrir 1. júní 2017 aðlaga samþykktir A-deildar sjóðsins með sama hætti og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eftir því sem við getur átt, þar á meðal hvað lífeyristökualdur, aldurstengda réttindaávinnslu, lífeyrisaukasjóði og varúðarsjóði varðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða IX–XIV í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins“

Grunnur var lagður að breytingum á samþykktum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs og A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í viðræðum fulltrúa ríkis og sveitarfélaga og þeirra launþegasamtaka sem sjóðfélagar sjóðanna eiga aðild að.

Sameiginleg niðurstaða náðist um að í sjóðunum báðum yrði tekinn upp 67 ára lífeyrisaldur og aldurstend réttindaöflun, en þó fengju þeir sem aðild áttu að sjóðunum við breytinguna ekki lakari réttindi en verið hefði miðað við 67 ára lífeyrisaldur í fyrra kerfi. Iðgjald til sjóðanna yrði til framtíðar 15,5%, sem hafði verið hækkað í 16% hjá Brú lífeyrissjóði. Fyrir flesta sjóðfélaga má búast við að réttindaöflun fyrra kerfis verði umfram það sem verða mun í hinum nýju aldurstengdu kerfum. Ætlunin er að fjármagna þessi réttindi með sérstökum sjóði, lífeyrisaukasjóði sem sjóðunum verði lagður til við breytingu samþykta. Um sjóðinn segir svo í viðauka IX við l.1/1997 :

„...Framlagið er ákvarðað á grundvelli tryggingafræðilegrar stöðu A-deildar í lok september 2016 og miðað er við lífslíkur byggðar á reynslu árána 2010–2014... Lífeyrisauki er sá mismunur sem er á annars vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt jafnri réttindaávinnslu og 65 ára lífeyristökaldri og hins vegar réttindum sjóðfélaga samkvæmt aldurstengdri réttindaávinnslu og 67 ára lífeyristökaldri.... Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykta og starfa hjá ríki eða sveitarfélögum skulu ávinna sér rétt til lífeyrisauka á meðan þeir greiða til deildarinnar og starfa hjá aðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 5. mgr.

Þeir sjóðfélagar sem eru virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykta og starfa hjá öðrum launagreiðendum en ríkisaðilum og sveitarfélögum eiga því aðeins rétt á lífeyrisauka að launagreiðandi þeirra hafi samþykkt að greiða sérstakt iðgjald fyrir sjóðfélaga í samræmi við 8. mgr....“

Hjá Brú lífeyrissjóði er uppgjorið samkvæmt staðfestum samþykktum sjóðsins miðað við stöðu sjóðsins í lok maí 2017 en ekki lok september 2016. Við ákvörðun framlags til lífeyrisaukasjóðs LSR var ákvæði þetta túlkað svo að reikna skyldi mun á verðmæti 15,5% iðgjalds þess hóps sjóðfélaga sem við er miðað og réttindaöflun hópsins eftir fyrri samþykktum A-deildar LSR, en þó miðað við að virkir sjóðfélagar nýttu rétt sinn til að fresta töku lífeyris til 67 ára aldurs.

Sami skilningur hefur verið lagður til grundvallar í þeim útreikningum fyrir Brú lífeyrissjóð sem hér eru kynntir.

Jafnvægisjóður er miðaður við áfallna stöðu lífeyrissjóðsins og reiknaður sem mismunur áfallinna skuldbindinga í lok maí 2017 og endurmetinnar eignar á sama tíma.

Lífeyrisaukasjóður er ákveðinn sem heildarskuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga eftir fyrri samþykktum miðað við 67 ára lífeyrisaldur að frádregnum áföllnum skuldbindingum og 15,5% iðgjaldi eftir sömu forsendum og viðbættum hluta í rekstrarkostnaði, fyrir þá sjóðfélaga sem undir lífeyrisaukasjóð falla.

Ekki er í viðauka l. 1/1997 greint frá forsendum fyrir útreikningi varúðarsjóðs, og er hann hér ákveðinn sem sama hlutfall af því framlagi sem reiknað var fyrir LSR í september 2016, sem þá var 7,8652% og er það reiknað af framlagi til lífeyrisauka og jafnvægisjóðs.

GÖGN

Úr réttindakerfi sjóðsins, Jóakim, sem rekið er af INIT hf hugbúnaðarfyrirtæki, fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur og öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga árin 1999 til loka maí 2017, miðað við verðlag í júní 2017. Hætt var að skrá í réttindakerfið 31. maí, og tók sjóðurinn frá sama tíma upp nýtt réttindakerfi, Kríu, sem rekið er af hugbúnaðarfyrirtækinu Fuglum hf.

Ákvörðun stærðar jafnvægisjóðs, lífeyrisauka og varúðarsjóðs miðast við lok maí eins og áður sagði. Ekki höfðu öll iðgjöld maí mánaðar verið skráð er notkun Jóakim kerfisins var hætt. Efnahagsreikningur sjóðsins við lok maí 2017 er miðaður við skráningu iðgjalda sem gerð var í réttindakerfinu Kríu fram til þess tíma sem ársreikningur var unninn, vegna tímabila fram til loka maí 2017, auk skráningar í Jóakim.

Nota þarf sama grunn iðgjalda við mat skuldbindinga og notaður er við mat eigna.

Ekki reyndist unnt að nota gögn sem fyrir lágu úr Kríu kerfinu við útreikninga þar sem við fluting eldri gagna úr Jóakim höfðu fallið niður merkingar iðgjalda sem máli skipta við mat skuldbindinga.

Var því stuðst við gögn úr Jóakim, og bætt við þeim iðgjöldum sem nýskráð höfðu verið í Kríu kerfið eftir að notkun Jóakims var hætt. Bætt var við iðgjöldum og mótframlögum sem skráð voru vegna ársins 2017 fram til maí, alls 755,476 milljónir. Greiðslur lágu fyrir skráðar á mánuð, en án áunninna réttinda. Voru réttindi reiknuð eftir réttindaákvæðum sjóðsins, og færð til verðlags í júní 2017.

Í þeim hópi sjóðfélaga sem þarna átti iðgjöld voru nokkrir nýjir sem ekki var að finna í gagnagrunni Jóakims yfir einstaklinga, og var aukið við grunninn upplýsingum úr gagnagrunni Kríu þar sem þörf var á.

Í leiðbeinandi tilmælum FÍT sem vitnað var til í upphafi er gert ráð fyrir að við mat framtíðarskuldbindinga sé miðað við iðgjaldagreiðendur á einu ári fyrir þann tíma sem tryggingafræðileg athugun er miðuð við. Hér var því horft til tímans júní 2016 til loka maí 2017 fyrir viðmiðun iðgjalda. Alls voru iðgjöld og mótframlög viðmiðunartímabils, eftir þann viðauka sem getið er um, 8.308,9 milljón, færð til verðlags í júní 2017. Til samanburðar voru iðgjöld vegna 2016 sem miðað var við í tryggingafræðilegri athugun við lok árs 2016 kr. 8053,3 milljónir á sama verðlagi.

Einnig fengust upplýsingar um lífeyrisþega í maí 2017, fjárhæð og tegund lífeyris, og aldur og kyn lífeyrisþega.

Í ljós kom að í réttindakerfi Jóakims er skilað við tryggingafræðilega athugun upplýsingum um alla örorkulífeyrisþega sem við útskrift gagna hafa fengið örorkuúrskurð sem er vegna orkutaps sem orðið hefur fyrir athugunardag, óháð því hvort úrskurður hafi verið unninn fyrir viðmiðunardag athugunar eða síðar. Við tryggingafræðilega athugun 2016 var gögnum safnað eftir lok aprílmánaðar 2017. Var því nú til að niðurstaða yrði sambærileg við síðustu tryggingafræðilega athugun aukið úrskurðum örorkulífeyris sem unnir voru fram til loka september 2017.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega.

Við áætlun vegna framtíðar eru iðgjaldagreiðslur færðar til verðlags í júní 2017 með hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá meðaltali ársins.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla í júní 2017 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á tímabilinu júní 2016 til maí 2017 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga sbr. hér að framan, þó ekki eftir að viðmiðunaraldri eftirlauna er náð. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins 2014 til 2016 fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár. Er miðað við þessar tölur við mat kostnaðar til framtíðar, færðar til verðlags í júní 2017. Efnahags- og rekstrarreikningur sem unninn var af starfsmönnum sjóðsins veitt upplýsingar um eignastöðu. Úr verðbréfakerfum sjóðsins eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði sem notaðar eru við endurmat eigna, sjá sérstaka skýrslu um það efni.

Iðgjaldagreiðslur í réttindakerfi vegna árshlutans janúar til maí 2017 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt árshlutareikningi og lífeyrisgreiðslur í júní 2017 bornar saman við lífeyrisgreiðslu árshlutans samkvæmt árshlutareikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynð með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal einnig reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við þá tryggingafræðilegu útreikninga sem hér eru kynntir eru notaðar sömu forsendur og við tryggingafræðilega athugun A-deildar Brúar lífeyrissjóðs 2016, sem einnig eru sömu forsendur og lagðar voru til grundvallar í viðræðum stéttarféлага of ríkis og sveitarféлага sem getið var um.

Notaðar eru dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, (FÍT) byggðar á íslenski reynslu árána 2010-2014. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá, samkvæmt reiknigrundvelli FÍT. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 40% lækkun örorkutíðni. Forsenda um örorkutíðni er frávik frá staðalforsendum.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnnar.

Frádráttur frá eignum vegna rekstrarkostnaðar og fjárfestingargjalda er hinn sami og var við tryggingafræðilega athugun 2016, færður til verðlags í júní 2017.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar úttektir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Þó er nýtt heimild til lækkunar á örorkutiðni sjóðsins, og er eins og áður sagði notast við 60% af almennri örorkutiðni.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í maí 2017, á verðlagi júní. 2017.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins miðað við réttindi og greidd iðgjöld 12 mánuði fyrir júní 2017.

Þegar verðmæti framtíðariðgjalda og skuldbindingar vegna þeirra eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldagreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka. Þannig er ekki gert ráð fyrir launahækkunum umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávík sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í árshlutareikningi eru skráð sem endurmat eigna.

Reiknað er eftir þeim samþykktum sem í gildi voru fram til loka maí 2017. Fyrst er reiknað miðað við 65 ára lífeyristökualdur og að sjóðfélagar hætti greiðslu iðgjalda og hefji töku lífeyris við þann aldur. Er það gert til að fá samanburð við tryggingafræðilega athugun í lok árs 2016, og er niðurstaða birt í fylgiskjali 1. Framlag til jafnvægisjóðs er miðuð við þessa niðurstöðu.

Framreikningur á niðurstöðu í árslok 2016 sýnir góða samsvörum við þetta mat skuldbindinga, og er það sýnt í fylgiskjali 2.

Fylgiskjal 3 sýnir útreikning sem miðar við að virkir sjóðfélagar fresti töku eftirlauna til 67 ára aldurs, og að iðgjald til sjóðsins verði almennt 15,5%.

Ekki verður greitt framlag fyrir alla sjóðfélaga til lífeyrisauka. Fylgiskjal 4 sýnir útreikning þar sem þeir sjóðfélagar sem ekki verður greitt fyrir framlag til lífeyrisauka eru teknir út úr hópnum, skuldbinding vegna þeirra til framtíðar sýnd aðgreint og gert ráð fyrir 20,0% iðgjaldi fyrir hópinn. Sjóðurinn lét í té lista yfir þá sjóðfélaga sem um ræðir. Þessi niðurstaða er notuð er til að reikna út fjárhæð lífeyrisaukasjóðs, og loks er framlag til varúðarsjóðs reiknað sem 8,8% á framlag til sjóðsins til jafnvægis- og lífeyrisaukasjóðs.

Niðurstaða þessa ásamt fjárhæðum reiknuðum til 15 desember 2017 með 3,5% vöxtum og verðbótum er svo sýnd í fylgiskjali 5.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

FYLGISKJÖL

1. Tryggingafræðileg staða 2017-05, eftir réttindaákvæðum eldri samþykktu
2. Tryggingafræðileg staða 2017-05, 67 ára lífeyrisaldur, 15,5% iðgjald, ákvæði samþykktu annars óbreytt
3. Tryggingafræðileg staða 2017-05 miðað við 15,5% iðgjald og 67 ára lífeyrisaldur, sjóðfélagar sem ekki er greitt fyrir til lífeyrisaukasjóðs aðgreindir, miðað við 20,5% iðgjald
4. Samanburður (1) við framreiknaða stöðu frá 2016
5. Fjárhæðir jafnvægisjóðs, lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóðs 15.12.2017